

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar 2009

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúarmánuð liggur nú fyrir. Þar sem uppgjórið nær aðeins til eins mánaðar er samanburður við fyrra ár háður óvissu vegna tilfærslu milli mánaða og á það jafnt við um tekjur og útgjöld. Þetta getur valdið óeðlilegum sveiflum í einstaka liðum. Samkvæmt uppgjörinu er handbært fé frá rekstri jákvætt um 16 ma.kr., sem er 9,4 ma.kr. lakari útkoma en á sama tíma í fyrra. Tekjur reyndust um 2 ma.kr. lægri en í fyrra og gjöld hækka um 7,7 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður er jákvæður um 16 ma.kr. en var jákvæður um 24,4 ma.kr. á sama tíma í fyrra.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar 2005-2009

	Í milljónum króna				
	2005	2006	2007	2008	2009
Innheimtar tekjur	29.894	41.132	51.972	56.587	55.117
Greidd gjöld	25.338	25.508	28.339	31.597	38.916
Tekjufjöfnuður	4.556	15.624	23.633	24.990	16.201
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-	-	-	-	-
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-1.901	-1.698	-115	420	-204
Handbært fé frá rekstri	2.655	13.926	23.518	25.410	15.997
Fjármunahreyfingar	3.219	-1.077	-30.342	-1.051	3
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	5.874	12.849	-6.824	24.359	16.000
Afborganir lána	-11.135	-4.049	-60	-576	-662
Innanlands	-2.142	-4.049	-60	-576	-662
Erlendis	-8.994	-	-	-	-
Greiðslur til LSR og LH	-	-330	-330	-330	0
Lánsfjárfjöfnuður, brúttó	-5.261	8.470	-7.214	23.453	15.338
Lántökur	5.563	1.532	31.861	-3.550	11.401
Innanlands	-3.431	1.532	31.861	-3.550	11.636
Erlendis	8.994	-	-	-	-235
Breyting á handbæru fé	302	10.002	24.647	19.903	26.739

Innheimtar tekjur ríkissjóðs í janúar sl. voru 55 ma.kr. samanborið við 57 ma.kr. á sama tíma árið 2008. Samdrátturinn er því um 2 ma.kr. eða 3,6% að nafnvirði. Áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir að innheimtar tekjur yrðu 61 ma.kr. í mánuðinum og er frávikið því um 6 ma.kr. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 54 ma.kr. og drógust saman um 1,1% að nafnvirði og um 18,5% að raunvirði miðað við hækkingu almenns verðlags (VNV án húsnæðis). Samdrátturinn að raunvirði milli ára hefur aukist hratt síðustu mánuði og er nú

25,3% þegar horft er á 4 mánaða meðaltal. Þá drógust aðrar rekstrartekjur ríkissjóðs saman miðað við janúar 2008 en þær eru einkum vaxtatekjur og tekjur af sölu á vöru og þjónustu.

Skattar á tekjur og hagnað námu 36 ma.kr. í janúar 2009 sem er um 4 ma.kr. aukning frá sama tíma árið 2008 eða 13,4% aukning að nafnvirði. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga tæplega 9 ma.kr. (aukning um 9,8%), tekjuskattur lögaðila 0,5 ma.kr. (aukning um 64,6%) og fjármagnstekjuskattur tæplega 27 ma.kr. (aukning um 13,8%) en innheimta hans fer að langmestu leyti fram í janúar hvert ár. Stór hluti innheimts fjármagnstekjuskatts janúarmánaðar gengur þó til baka síðar á árinu, upp í álagðan tekjuskatt lögaðila. Innheimta eignarskatta var um 0,4 ma.kr. og dróst saman um 52,6%, þar af drógust stimpilgjöld saman um 60,1% frá fyrra ári.

Innheimta almennra veltuskatta nam 13 ma.kr. í fyrsta mánuði ársins sem er samdráttur upp á 24,9% að nafnvirði frá fyrra ári, og 38,1% raunsamdráttur (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Virðisaukaskattur dróst einnig töluvert saman. Hann skilaði ríkissjóði 9,5 ma.kr. á tímabilinu sem er 23,8% samdráttur að nafnvirði og 37,2% raunsamdráttur frá janúar 2008, sem endurspeglar niðursveifluna í hagkerfinu. Virðisaukaskatturinn sem kemur inn í janúar er af innflutningi í mánuðunum nóvember og desember en 1,7 ma.kr. er vegna sérstakrar greiðslufrestunar sem var heimiluð í nóvember sl. og fól í sér að afborgun nóvembermánaðar var að hluta færð yfir í desember og janúar. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er einna mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum eða 93,7% en nýskráningar bifreiða drógust saman um 88,8% frá janúarmánuði 2008. Aðrir liðir drógust einnig saman að undanskildu vörugjaldi af bensíni sem jókst um 1,6% að nafnvirði og áfengis- og tóbaksgjaldi sem jókst um 5,1% frá fyrra ári. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu tæpum milljarði króna og jukust um 6,5% og tekjur af tryggingagjöldum voru rúmlega 3 ma.kr. og drógust saman um 5,8% á milli ára.



Greidd gjöld nema 38,9 ma.kr. og hækka um 7,7 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 24,7%. Mestu munar um 4,6 milljarða hækkun bóta almannatrygginga (77,9% aukning). Þar af hækka barnabætur um ríflega 2,3 ma.kr. á milli ára og framlög vegna atvinnuleysistryggina aukast um 1,2 ma.kr. Heilbrigðismál aukast um 1,1 ma.kr. og menntamál og vaxtagreiðslur um 1 ma.kr.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs er jákvæður um 15,3 ma.kr. í janúar, á móti 23,5 ma.kr. á sama tíma í fyrra. Hreinn lánsfjárfjöfnuður nam 16 ma.kr. Í janúar seldi ríkissjóður ríkisbréf fyrir um 18,1 ma.kr. ásamt því að greiða ríkisvixla fyrir um 6,5 ma.kr.

Tekjur ríkissjóðs janúar 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2007	2008	2009	2007	2008	2009
Skatttekjur og tryggingagjöld	49.532	54.425	53.825	26,9	9,9	-1,1
Skattar á tekjur og hagnað	29.976	31.702	35.944	17,8	5,8	13,4
Tekjuskattur einstaklinga	8.714	7.884	8.661	12,2	-9,5	9,8
Tekjuskattur lögaðila	1.232	333	549	-70,3	-72,9	64,6
Skattur á fjármagnstekjur	20.030	23.484	26.735	48,0	17,2	13,8
Eignarskattar	594	831	394	-26,8	40,0	-52,6
Skattar á vöru og þjónustu	14.560	17.260	12.966	56,2	18,5	-24,9
Virðisaukaskattur	10.560	12.532	9.554	96,6	18,7	-23,8
Vörugjöld af ökutækjum	441	864	54	-39,7	95,8	-93,7
Vörugjöld af bensíni	814	777	789	-2,5	-4,5	1,6
Skattar á olíu	516	555	448	14,4	7,5	-19,3
Áfengisgjald og tóbaksgjald	865	894	939	4,3	3,3	5,1
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	1.364	1.639	1.181	23,2	20,2	-27,9
Tollar og aðflutningsgjöld	748	854	909	153,8	14,0	6,5
Aðrir skattar	56	152	196	-1,3	170,0	28,8
Tryggingagjöld	3.598	3.626	3.415	15,7	0,8	-5,8
Fjárframlög	35	9	10	-8,0	-75,5	14,1
Aðrar tekjur	2.219	2.715	1.282	8,9	22,4	-52,8
Sala eigna	-	39	0	-	-	1,0
Tekjur alls	51.786	57.188	55.117	25,9	10,4	-3,6

Gjöld ríkissjóðs janúar 2007-2009

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2007	2008	2009	2008	2009
Almenn opinber þjónusta	3.332	3.795	5.126	13,9	35,1
þar af vaxtagreiðslur	639	1.080	2.113	69,1	95,6
Almannatryggingar og velferðarmál	5.694	5.946	10.575	4,4	77,9
Heilbrigðismál	7.084	7.810	8.933	10,3	14,4
Efnahags- og atvinnumál	3.564	3.559	3.226	-0,1	-9,4
Menntamál	4.887	6.089	7.046	24,6	15,7
Menningar-, íþróttá-, og trúmál	1.739	1.750	1.726	0,6	-1,3
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	1.173	1.343	1.299	14,5	-3,3
Umhverfisvernd	271	212	226	-21,9	6,5
Varnarmál	33	85	84	156,8	-0,3
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	32	43	14	35,2	-68,4
Óregluleg útgjöld	530	584	660	10,2	13,0
Gjöld alls	28.339	31.216	38.916	10,2	24,7